



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Norðurorku hf. um: Frumvarp til laga, um breytingar á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða og á lögum nr. 25/2006, um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins, með síðari breytingum.

Almennt um frumvarpið.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar.

Norðurorka hf. sendi inn umsögn í nóvember sl. um frumvarp til laga um breytingar á lögum á orkusviði. Sú umsögn gildir að mestu um þetta frumvarp og er þessi umsögn því að mestu byggð á fyrri umsögn.

Varðandi meðferð eignarhluta í þeim orkufyrirtækjum sem frumvarpið fjallar um telur Norðurorka hf. fyllilega eðlilegt að fjármálaráðherra fari með hlutina, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.


Norðurorka hf. telur, með tilliti til nýskipunar raforkumála, að eðlilegast væri að gefa öðrum starfandi dreifiveitum tækifæri til að kaupa dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Líklegt er að með þessu móti megi ná fram sparnaði og lækkun dreifikostnaðar og vitað er að áhugi dreifiveitnanna er fyrir hendi. Það er ekki hlutverk ríkisins að reka raforkudreifiveitu frekar en t.d. símadreifikerfi. Varðandi raforkusölu telur Norðurorka hf. eðlilegast að ríkið dragi sig alfarið út úr þeirri starfsemi og verði ekki eigandi hlutafélaga eða annarra fyrirtækja á því sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við 1. og 3. gr. Fyrir utan almennar athugasemdir um dreifiveitur ríkisins, hér að framan, er gerð sú athugasemd við þessar greinar að það að leggja fyrirtækin Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins inn til Landsvirkjunar verður að teljast óheppilegt þar sem aðskilnaður á að vera milli starfsemisþátta svo sem milli dreifingar og framleiðslu samkvæmt anda raforkulaga og má hér minna á ákvæði í II kafla raforkulaga nr. 65, 2003 7. gr. svohljóðandi “*Heimilt er vinnslufyrirtæki að stunda sérleyfisstarfsemi en óheimilt er því að niðurgreiða vinnsluna með sérleyfisstarfseminni eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu*”. Nær hefði verið að færa umrædd fyrirtæki undir Landsnet hf. sem stundar sérleyfisstarfsemi.

Verði fyrirtækin lögð inn í Landsvirkjun(eða Landsnet hf.) telur Norðurorka hf. að eðlilegast væri að þau yrðu jafnframt sameinuð og lytu einni stjórn.

Virðingarfyllst,
Akureyri, 5. mars 2007.
Fh. Norðurorku hf.


Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.